

25.05.2009

## **Fréttatilkynning frá Landsbanka Íslands hf.**

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. hefur leyst til sín 23,84% hlut Langflugs hf. í Icelandair Group hf. Skilanefnd LBI hf. leysir hlutabréfin til sín á genginu 4,5 fyrir hvern hlut, sem er síðasta skráða viðskiptagengið með bréf í félaginu.

Hlutabréfin sem Skilanefnd LBI hf. leysti til sín voru til tryggingar lánum vegna hlutabréfakaupa í Icelandair Group hf.

Aðgerðin hefur engin áhrif á daglegan rekstur Icelandair.

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf.